

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Þriðjudaginn 15. desember 2003 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinum voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjárhagsáætlun 2003, endurskoðun

Fyrir fundinum lá endurskoðuð fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og stofnana. Afkoma sveitarfélagsins er mun verri en upphafleg fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Munar þar mestu lækkun skatttekna sem nemur um 18 milljónum króna. Kostnaður hafði einnig aukist á nokkrum rekstrarliðum og samtals er áætlað að handbært fé í árslok sé neikvætt um tæpar 15 milljónir króna.

Hreppsnefnd yfirfór áætlunina og ræddi einstaka liði hennar og forsendur þeirra breytinga sem orðið hafa frá fyrri áætlun. Áætlunin var samþykkt án breytinga.

2. Álagningarprósenta útsvars.

Fyrir fundinum lá bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem minnt er á að tilkynna þurfi fjármálaráðuneyti ákvörðun sveitarstjórnar um útsvarsprósentu eigi síðar en 15. desember. Samþykkt að útsvarsprósenta í Höfðahreppi verði óbreytt 13,03%

3. Bréf:

a) Norðurstrandar ehf. dags. 10. 11.2003.

Tekið var fyrir bréf Norðurstrandar sem var til umfjöllunar á síðasta fundi hreppsnefndar. Gunnar Þór skýrði nánar þá hugmyndafræði sem fram kemur í bréfinu, hann lagði til að erindinu verði vísað til héraðsnefndar og var það samþykkt.

b) Rögnvaldar Guðmundssonar, dags. 3.12.2003.

Í bréfinu býðst Rögnvaldur til að gera skýrslu um komur ferðamanna til Skagastrandar og um Skaga og greinargerð um ferðamennsku á svæðinu með það að markmiði að niðurstöðurnar geti gagnast þeim sem velta fyrir sér uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu.

Hreppsnefnd samþykkti að vísa málinu til umfjöllunar við Ferðamálafélag A-Hún.

c) Landmælinga Íslands, dags. 28.11.2003.

Í bréfinu er fjallað um endurmælingu á grunnstöðvaneti árið 2004. Fyrirhugað er að mælingar fari fram í ágúst 2004 og með bréfinu fara Landmælingar Íslands fram á að sveitarfélagið leggi til mannskap og búnað við að mæla svæði í sveitarfélaginu og nágrenni þess.

Samþykkt að taka þátt í verkefninu eins og efni standa til.

d) Sambands íslenskra sveitarfélaga, í des. 2003.

Í bréfinu er kynnt norræn sveitarstjórnarráðstefna sem haldinn verður 13.-15. júní nk. Bréfið var til kynningar.

e) ÁTVR, dags. 8.12.2003

Í bréfinu, sem er svar við bréfi sveitarstjóra um vinnubúð á Skagaströnd, er greint frá því að ekki eru áform um opnun vinnubúðar að sinni.

Oddvita og sveitarstjóra falið að ræða við stjórnendur Átvr og óska nánari skýringa á afstöðu þeirra til beiðninnar.

4. Fundargerðir:

a) Leikskólanefndar, 18.11.2003.

Í fundargerðinni kemur m.a. fram að leikskólanefnd leggur til að leikskólagjöld verði vísitölutengd og breytist skv. því.

Fundargerðin var samþykkt og fallist á þá aðferð sem fram kemur í tillögu nefndarinnar um hækkanir skv. vísitölu en lagt til að það verði gert í ársbyrjun og á miðju ári.

b) Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 25.11.2003.

Fundargerðin var til kynningar.

c) Stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, 25.09.2003.

Fundargerðin var til kynningar.

d) Stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, 5.11.2003

Fundargerðin var til kynningar.

e) Stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, 19.11.2003

Fundargerðin var til kynningar.

f) Ársfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, 6.11.2003.

Fundargerðin var til kynningar.

5. Önnur mál.

a) Oddviti fór yfir stöðu mála í sjávarútvegsfyrirtækinu Brim og greindi frá því að stjórnendur Eimskips hafi haft samband og greint frá því að félagið sé til sölu í heild eða í hlutum. Umræður urðu um stöðu málsins en ekki gerðar sérstakar ályktanir.

b) Sveitarstjóri lagði fram uppdrátt með tillögu að deiliskipulagi af sumarbústaðabyggð við Vetrarbraut. Uppdrátturinn er unninn af Teikn á lofti arkitektastofu.

Hreppsnefnd samþykkti fyrir sitt leyti að sumarbústaðir verði byggðir á því svæði sem um ræðir og vísaði málinu til byggingarnefndar til nánari umfjöllunar.

c) Oddviti greindi frá því að reglur Höfðahrepps um byggðakvóta hafi verið samþykktar og lagði til að auglýst verði eftir umsóknum um kvótann í janúar nk.

Hreppsnefnd Höfðahrepps
Fundargerðir

- d) Sveitarstjóri gerði grein fyrir útboði trygginga sveitarfélagsins, en tilboð í allar tryggingar voru opnuð sl. föstudag. Sjóvá – Almennar tryggingar hf átti lægsta tilboð í tryggingarnar. Sveitarstjóra var falið að ganga frá samningi við lægstbjóðanda.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10²⁰

Magnús B. Jónsson

(sign)

Adolf H. Berndsen

(sign)

Gunnar Þæor Gunnarsson

(sign)

Jensína Lýðsdóttir

(sign)

Birna Sveinsdóttir

(sign)